



A 1697/kultur

Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar um
þingmannatillögu
um norrænt samstarf um aukið aðgengi að heyrnarfræðingum

Tillaga

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún aðhafist ekkert frekar vegna þingmannatillögu um norrænt samstarf um aukið aðgengi að heyrnarfræðingum (A 1697/kultur).

Bakgrunnur

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að efla menntun heyrnarfræðinga;

að beita sér fyrir því að fagleg menntun og réttindi heyrnarfræðinga verði viðurkennd hvarvetna á Norðurlöndum.

Á fundi nefndarinnar 25. janúar 2017 í Ósló var tillaga flokkahóps miðjumanna, A 1697/kultur um norrænt samstarf um aukið aðgengi að heyrnarfræðingum, til fyrstu afgreiðslu. Nefndin óskaði eftir nánari upplýsingum um það sem gert er í löndunum og fól skrifstofunni að senda skriflega fyrirspurn E 8/2017 fyrir hönd nefndarinnar til ríkisstjórna Norðurlandanna.

Ríkisstjórnirnar voru beðnar um svör við eftirfarandi spurningum:

- Hvernig er framboði á námi fyrir heyrnarfræðinga háttað í löndunum?
- Ef skortur er á námsplássum hvað er þá gert til að auka framboðið?
- Hvað er gert í löndunum til að vekja athygli verðandi háskólanema á því að skortur er á heyrnarfræðingum?
- Hvað er gert í löndunum til að greiða fyrir sjálfkrafa viðurkenningu á starfsréttindum heyrnarfræðinga?

Svör bárust 28. apríl 2017 en Norðmenn, sem gegna formennsku í ráðherranefndinni, tóku svörin saman. Í fylgibréfi kemur fram að svör hafi ekki borist frá Íslandi, Færeyjum og Álandseyjum.



Í svörunum kemur fram að:

- háskólarnir meti sjálfir hvaða nám þeir bjóða upp á og fjölda námsplássá;
- í dag er enginn skortur á námsplássum fyrir heyrnarfræðinga;
- háskólarnir sinna stöðugt upplýsingagjöf, stafrænni og persónulegri, til námsfólks um atvinnuhorfur í hinum ýmsum starfsgreinum;
- menn gera sér grein fyrir því að þörfin mun aukast eftir því sem almenningur eldist og verður fjölda námsplássá breytt þegar þess gerist þörf.

Norræna ráðherranefndin hefur engin áhrif á hvernig háskólarnir haga sínum námsplássum. Hvað varðar sjálfkrafa viðurkenningu þá er vísað í tilskipunina um viðurkenningu starfsréttinda, en ekki er vitað til þess að reynt hafi verið að bæta heyrnarfræðingum í hóp þeirra sjö starfsgreina sem sjálfkrafa viðurkenning á við um. Löndin vinna saman að því að einfalda viðurkenningarferlið, m.a. gegnum NORRIC-samstarfsnetið, en það er tengslanet norrænna yfirvalda sem vinna með gæðaþróun og skilvirkari viðurkenningu á erlendum prófum.

Sjónarmið nefndarinnar

Með hliðsjón af svörum landanna við skriflegri fyrirspurn E 8/2017 leggur norræna þekkingar- og menningarnefndin til að Norðurlandaráð aðhafist ekkert frekar vegna þingmannatillögu A 1697/kultur.

Helsinki, 27. júní 2017

Annette Lind (S)
Aron Emilsson (SD)
Johan Andersson (S)
Johanna Karimäki (gröna)
Jorodd Asphjell (A), formaður
Lars-Arne Staxäng (M)

Lars Mejern Larsson (S)
Maarit Feldt-Ranta (sd)
Norunn Tveiten Benestad (H)
Paavo Arhinmäki (vänst)
Ruth Vang (Framsókn)